



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

627. stjórnarfundur þriðjudaginn 15. október 2024 kl 17:00

**Mætt:** Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Már Newman, Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson, Eva Björk Sveinsdóttir og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri.

**Fjarverandi:** Stefán Guðjónsson

**Gestir á fundinum:** Guðbjörg Björnsdóttir, fjármálastjóri.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

## 2. Innkomin bréf

**Bókun skjalavarðar RNB** vegna tölvupósts frá Keflavík, 27. ágúst sl, er varðar óskir um áframhaldandi rekstrarsamning á Nettó höllinni í samvinnu við Njarðvík. ÍT ráð samþykkir að samningurinn verði framlengdur um eitt ár í senn.

**Bókun skjalavarðar RNB** vegna tölvupósts frá Keflavík vegna óska um að fleiri öryggismyndavélar verði settar upp í þeim íþróttamannvirkjum sem félagið hefur aðgang að. Vel var tekið í málið og því vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025.

**Tölvupóstur frá knattspyrnudeild Keflavíkur** þar sem deildin óskar eftir láni frá Aðalstjórn félagsins.

**Tölvupóstur frá blakdeild Keflavíkur.** Blakdeild Keflavíkur finnst að hún sé sniðgengin þegar kemur að tímum í íþróttahúsum Reykjanesbæjar.

## 3. Send bréf

**Tölvupóstur á Reykjanesbæ,** ósk um að settar verði upp öryggismyndavélar í öll íþróttamannvirki sem félagið hefur aðgang að.

**Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ** og þakkað fyrir hröð og vel unnin vinnubrögð er snúa að umferðaröryggi fyrir framan fimleikahúsið. Reykjanesbær er búinn að gera útskot á þjóðbrautinni fyrir strætó/frístundaakstur til að hleypa krökkum inn og út úr strætó. Einnig er búið að laga stéttina fyrir framan fimleikahúsið. Vel gert RNB.

**Tölvupóstur sendur á nokkur félög á höfuðborgarsvæðinu.** Framkvæmdastjóri og íþróttastjóri fóru á fund hjá Val, Fram og Aftureldingu og ræddu ýmis mál er varðar starfsemi íþróttar.

## 4 Önnur mál

- A. Fundur með Hafsteini forstöðumanni Reykjanesbæjar.** Framkvæmdastjóri átti góðan fund með forstöðumanni íþróttamannvirkja. Ákveðið að skoða með að setja upp aðgangsstýringar á allar hurðir í húsinu. Auðveldar allan aðgang að húsinu og halda utan um umgengni hússins. Samþykkt var að fara einnig af stað með að hanna og fá tilboð í nýjan sjónvarpsvall í A-sal. Búið er að panta net fyrir nýju leikkluðkurnar. Einnig var rætt um umgengni og sölu á bjór í húsinu.
- B. Fjármál félagsins.** Guðbjörg, fjármálastjóri Keflavíkur fór yfir stöðu félagsins. Guðbjörgu falið að skoða með knattspyrnudeild að fara í samþykktarferli á reikningum.
- C. Formanna-gjaldkera- og framkvæmdastjórafundur.** Formanna- gjaldkera- og framkvæmdastjórafundurinn sem var haldinn fimmtudaginn 26. september gekk mjög vel. Almenn ánægja var með fundinn og fundagerðir eru farnar að skila sér til aðalstjórnar. Því ber að þakka.
- D. Jóhann Almar Sigurðsson, hjólreiðamaður.** Jóhann Almar kom á skrifstofuna og óskaði eftir því að fá að keppa undir merkjum Keflavíkur. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Jóhann.
- E. Gervigras í Nettó höllina.** Úrskurðanefnd kærumála kemur ekki saman fyrr en 22. okt nk. til að taka fyrir kærumálið sökum útboðs RNB á kaupum á nýju gervigrasi. Knattspyrnudeild Keflavíkur óskar eftir því þar sem þetta hefur dregist svona að grasið verði lagt í kringum jólafrið í skólunum.
- F. Kynning á framtíðar íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar.** Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á framtíðar íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar.
- G. Heimsókn framkvæmdastjóra og íþróttastjóra félagsins til Vals, Fram og Aftureldingar.** Framkvæmdastjóri og íþróttastjóri fóru yfir heimsókn til þriggja liða á höfuðborgarsvæðinu, Vals, Fram og Aftureldingar, og kynntu sér starfsemi þeirra. Mjög góðir fundir og ætlunin er að fara og hitta fleiri félög.
- H. Tímar deilda í íþróttahúsum Reykjanesbæjar.** Sumum deildum innan Keflavíkur finnst að á þeim sé brotið er varðar tíma í íþróttahúsum bæjarins. Þeim finnst þær ekki sitja við sama borð og stóru deildirnar. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Hafstein og athuga með húsneði.
- I. Rafíþróttadeildin.** Rafíþróttadeild Keflavíkur óskar eftir að lán sem félagið veitti deildinni við stofnun hennar verði skuldajafnað sem styrkur til deildarinnar. Deildin var að klára að endurgreiða skuld til félagsins sem var veitt fyrir kaup á tölvubúnaði.
- J. Jólhlaðborð og Jólblað.** Ákveðið að halda jólhlaðborð hér í Keflavík eða nágrenni. Framkvæmdastjóra falið að finna stað og stund. Einnig er framkvæmdastjóra og íþróttastjóra falið að setja jólblaðið af stað.
- K. Kef TV.** Strákarnir hjá Kef TV eru að aðstoða félagið við að koma gömlu myndefni yfir á stafrænt form. Aðalstjórn ákvað að styrkja þá.
- L. K-kort.** Keflavík hefur ákveðið að láta útbúa K-kort til að senda við ýmis tækifæri.

Fundi lokið kl. 19:35

Næsti fundur verður þriðjudaginn 29. október.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir